

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hljóðvist á KR svæðinu

Upphafsdagsetning

01.07.2022

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks

fólksins, um hljóðvist á KR svæðinu Mál nr. US220136

Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hljóðvist á KR svæðinu, sbr. 40. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. júní 2022.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Fram kemur í kynningu um hljóðvist í kringum KR svæðið að áhyggjur eru af hávaða og hávaðamengun og að tryggja eigi að reglugerð um hávaðamengun sé fylgt. Flokkur fólksins spyr hvernig á að gera það? Hvernig á eftirliti að vera háttað og hver eru viðurlögin ef reglur um hávaðamengun eru brotnar? Öll þekkjum við hávaðavandann í miðbænum þar sem reglur um hávaðamengun hefur ekki verið fylgt og engar afleiðingar hlotist af því að brjóta lög og reglur í þessu sambandi. Það er ekki nóg að vísa í reglugerðir og halda að þar með sé málið leyst. Vissulega er hægt að skipuleggja húsnæði þannig að svefnherbergi og önnur dvalarsvæði íbúða snúi frá umferðargötum/hávaðavöldum. Erfiðara er að eiga við hitt, þ.e. að tryggja að rekstraraðilar íþróttasvæðis bæði hvað varðar notkunartíma, umgang og annað sem tengist íþróttavöllum raski ekki næði íbúa í íbúðum.



Reykjavík 11. júlí 2022

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) fékk sent þann 1. júlí 2022 til svörunar fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokk fólksins um hljóðvist á KR svæðinu.

Í fyrirspurninni er spurt hvernig tryggja eigi að reglugerð um hávaða kringum KR svæðið, hvernig eftirliti er háttað og hver viðurlögin eru ef reglur um hávaða eru brotnar.

Almenningi og fyrirtækjum á þessu svæði sem annars staðar er skylt að fara að þeim reglum sem um hávaða og ónæði gilda. Hér er um að ræða reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002 og reglugerð um hávaða nr. 724/2008. HER ásamt Lögreglu framfylgja síðan regluverkinu. Það er gert með því að sinna kvörtunum og krefjast úrbóta ef um sannanlegt brot er að ræða. Misjafnt er hvaða viðurlög eru við brotum og fer það eftir alvarleika máls. HER kannast hins vegar ekki við að svæðið í kringum KR svæðið sé undir miklu álagi vegna ónæðis og kvartanir ekki tíðar.

Hins vegar er starfsemi KR í mikilli nálægð íbúðabyggðar og ber rekstraraðilum í nágrenni hennar að tryggja að ónæði og hávaði sé ekki til staðar auk þess að ríkar kröfur séu gerðar til hönnunar húsa hvað varðar hljóðvist þar sem svo háttar til.

Virðingarfyllst, f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur


Árný Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri